

Árskýrsla Járningamannafélags Íslands fyrir starfsárið 2017-2018.

Starfsárið var með hefðbundnu sniði, héldum járningadaga að Völlum í Ölfusi 10.-11.nóv. þar sem sænskur félagi okkar Daniel van der Blij kenndi okkur sitthvað sem hann hafði í sínum viskubrunni.

Haldið var Íslandsmót járningamanna þar sem Geert A.K.Cornelis bar sigur af sjö keppendum.

Aðalfundur 2017 var haldinn í Reykjavík 28.nóv. þar sem tveir nýjir stjórnarmenn komu inn, en þá lítur stjórnin svona út:

Þorgrímur Hallgrímsson formaður

Sigurður Torfi Sigurðsson varaformaður

Leó Hauksson ritari

Gunnar Halldórsson gjaldkeri

Geert A Cornelis meðstjórnandi

Félagið tók að sér fótaskoðun á LM2018 þar sem 10 félagar komu að skoðun og mælingum. Það verður að segjast að mikill sprettur var á skoðunarmönnum eftir að nýi sport fengur var tekinn í notkun en í sérstakri forkeppni koma þrír keppendur útaf í einu og styttra var á milli holla. Um áramótin voru um 50 félagsmenn skráðir.

Þorgrímur Hallgrímsson formaður.